

Mál 14/2019

Miðvikudaginn 16. október, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 1/2019

Hundaræktarfélag Íslands

gegn

X.

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (Hundaræktarfélags Íslands) sem barst siðanefnd 5.3.2019 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða hafi gerst brotleg við reglugerð um ættbókarskráningu þar sem við skráningu á hvolpum fæddum 15.10.2018 hafi komið í ljós að tík A hafði ekki náð lágmarksaldri við þörun með rakka B. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 18.3.2019 og henni gefinn 4 vikna andmælafrestur. Kærða svaraði ekki efnislega. Ítrekun var send 15.8.2019 og gefinn var viku viðbótarfrestur en ekki barst svar. Öll vottorð og niðurstöður (eftirá tekin) voru tekin gild og hafa öll afkvæmi verið ættbókarfærð. Ákveðið að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Við skráningu á hvolpum fæddum 15.10.2018 hafi komið í ljós að tíka A hafði ekki náð lágmarksaldri við þörun með rakka B en skv. reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ þurfa tíkur af þessari tegund að hafa náð 20 mánaða aldri fyrir fyrstu þörun. Kærandi telur að með þöruninni hafi kærða brotið gegn reglum um skráningu í ættbók HRFÍ. Tíkin er af kyninu franskur bulldog og er í eigu kærðu.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber ennfremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gild vottorð fyrir þörun um heilsufarsskoðun. Samkvæmt reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið kafla X. sem hefur að geyma reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um tegundina: franskur bulldog

Lágmarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að tíkin hafði ekki náð tilskyldum lágmarksaldri fyrir þörun. Ræktendum ber skylda til þess að kynna sér viðeigandi ræktunarreglur félagsins fyrir þörun. Kærða telst brotleg við grundvallarreglur HRFÍ. Siðanefnd bendir einnig á að kærða hefur gerst brotleg við reglugerð um velferð gæludýra en lágmarksaldur tíka við þörun er þar tilgreindur 18 mánuðir.

IV. Niðurstaða

Kærða X telst hafa gerst brotleg gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða hlýtur alvarlega áminningu.

F.h. siðanefndar

Klara Símonardóttir

Anna D. Hermannsdóttir

Ásta María Karlsdóttir